**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1736 — 1124. mál.**

# Fyrirspurn

**til matvælaráðherra um námuvinnslu á hafsbotni.**

Frá Andrési Inga Jónssyni.

1. Telur ráðherra ástæðu til að Ísland styðji alþjóðlegt bann við námuvinnslu á hafsbotni, sem kallað er eftir innan Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar, í ljósi þess hversu mikil óvissa er um umhverfisáhrif og afleiðingar af slíkri starfsemi fyrir nytjastofna og annað lífríki sjávar?
2. Í ljósi framkominna hugmynda Norðmanna um námuvinnslu á hafsbotni, hvað hefur ráðuneytið aðhafst frá því að ráðherra svaraði fyrirspurn um málið á yfirstandandi löggjafarþingi (430. mál)?

**Munnlegt svar óskast.**